

# Handbók fyrir listamenn/ menningarstofnanir



*Handbókin er ætluð þeim listamönnum sem hafa hlotið framgöngu.*

## Markhópur

Listamenn tilgreina hvaða aldurshópi viðburðurinn er ætlaður. Í flestum tilfellum er viðburður ætlaður einum ákveðnum aldurshópi, annaðhvort á grunnstigi, miðstigi eða efsta stigi grunnskólans. Í minni skólum landsins er oft gerð sú krafa að allir nemendur skólans geti notið viðburðar. Listamönnum ber við þessar aðstæður að meta og upplýsa skólann ef viðburður er ekki við hæfi ákveðins aldurshóps.

Í mörgum tilfellum er viðeigandi að listamenn útbúi ítarefni, s.s. námsefni, ljósmyndir, upptökur, vefsíður og fleira sem sent er fyrir, á meðan og/eða eftir viðburð. Ítarefni getur dýpkað viðburðinn og úikkað sjóndeildarhring þátttakenda og efnið er hægt að útfæra á ólíkan hátt.

## Tengiliður listamanna

Hver listhópur skipar einn tengilið hópsins við verkefnastjóra *List fyrir alla*. Verkefnastjóri sér í upphafi um samskipti við skólana og starfsfólk þess. Þegar nær dregur viðburði ber tengiliður hópsins einnig ábyrgð á að hafa samband við skólana, samdægurs eða degi fyrir viðburð, eftir því sem við á.

Tengiliður listhóps leitast við að koma viðburði á framfæri, hvetja starfsfólk skóla til að skrifa um viðburðinn á heimasíðu eða leita út fyrir skólann í samfélagsmiðla hvers skólasamfélags.

## Tækni og aðbúnaður

Hver listhópur útbýr nákvæman tæknilista/búnaðarlista og skilar honum tímanlega til verkefnastjóra. Listamenn bera alfarið ábyrgð á að útvega þann búnað sem nauðsynlegur er fyrir viðburðinn. Einnig bera þeir ábyrgð á að koma búnaðinum fyrir á viðburðarstað en eru hvattir til að biðja um aðstoð frá starfsfólki og nemendum skólanna. Þegar um stærri búnað er að ræða, s.s. ljósabúnað, hljóðkerfi, flygill eða dansdúk, finna verkefnastjóri *List fyrir alla* og listhópur bestu lausnina í sameiningu og alltaf í samvinnu við viðburðarstað.

## Greinargerð

Listhópi ber að skila greinargerð til verkefnastjóra að lokinni ferð/viðburði. Verkefnastjóri sendir tengilið listhóps greinargerðarform sem tengiliður ber undir sinn hóp og sendir útfylltan aftur á verkefnastjóra.

## Laun

Listamenn fá greidd laun fyrir sitt framlag. Ákveðin upphæð er greidd fyrir huern viðburð/sýningardag. Vinnutími miðast við starfstíma grunnskóla.

Grunnskólar eru ólíkir að stærð, umfangi og aðstæðum og því er fjöldi þátttakenda/áhorfenda mismunandi eftir viðburðum. Í menningarhúsum og félagsheimilum eru oft kjöraðstæður til að taka á móti miklum fjölda þátttakenda. Ávallt er greidd sama upphæð fyrir huern viðburð, óháð fjölda þátttakenda, og stefnt að bestu mögulegu nýtingu hverju sinni.

## Gisting, fæði og ferðir

*List fyrir alla* bókar og greiðir fyrir gistingu með morgunmat ef dualið er yfir nótt/nætur.

Í mörgum tilfellum bjóða skólar upp á kaffi, vatn og hádegisverð og er mælt til þess að listamenn þiggi boðið og myndi þannig góð tengsl við starfsfólk og nemendur skólanna. Listamenn mega gjarnan upplýsa í greinargerð til *List fyrir alla* um duöl sína á bókuðum gististað, huort sem upplifunin er góð eða slæm, því þannig safnast saman þekking sem nýtist á milli ára.

*List fyrir alla* útvegar bílaleigubíl og/eða greiðir fyrir flug eftir því sem hentar hverjum listhóp og viðburðarstað.

## Greiðslu- og reikningsupplýsingar

Reikningar listamanna berist á eftirfarandi pósthfang:

*List fyrir alla*

Kt.: 460269-2969

Lækjargata 3

101 Reykjavík

Vegna/barnamenning *List fyrir alla*

Verknúmer 02-982-12101

Ef um rafrænan reikning er að ræða skal senda hann á [info@listfyriralla.is](mailto:info@listfyriralla.is).

Ef lagt hefur verið út fyrir öðrum kostnaði, s.s. eldsneyti, flugi, efniskostnaði eða bíl, ber að senda frumrit af þeim reikningum sem *List fyrir alla* greiðir (ekki er hægt að rukka fyrir mat og drykki).

## Frétta- og samfélagsmiðlar

*List fyrir alla* heldur úti heimasíðunni [listfyriralla.is](http://listfyriralla.is) og Facebook-síðunni [facebook.com/listfyriralla](https://facebook.com/listfyriralla).

Listamönnum ber að senda inn viðeigandi ljósmyndir og nothæfar stuttar myndbandsupptökur til að kynna sinn viðburð á heimasíðunni [listfyriralla.is](http://listfyriralla.is)/viðburdir. Gæta ber að góðri upplausn og stærð mynda fyrir vefsíður. Einnig ber listamönnum að taka myndir meðan á viðburði stendur sem gætu nýst verkefninu.